

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsstjóri
Geislagötu 9
600 Akureyri

10. september 2019
2019-01-54/11.2

Efni: Beiðni um breytingar á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.

Landsnet vinnur að undirbúningi á lagningu Hólasandslínu 3, 220 kV háspennulínu milli Akureyrar og Hólasands. Innan Akureyrar er fyrirhugað að línan verði lögð í jörðu, sem felur í sér lagningu tveggja jarðstrengssetta og áætlað er að áfangaskipta verkinu á þann hátt að seinna settið verður lagt einhverjum árum eftir að fyrri settið verður lagt, en nákvæm tímasetning seinna settsins mun ráðast af þróun raforkunotkunar.

Í gildandi aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 er mörkuð stefna um legu strengsins. Í kjölfar mats á umhverfisáhrifum hefur átt sér stað frekari hönnun og útfærsla framkvæmdarinnar og nú fyrirséð að smávægileg tilfærsla er á línuleiðinni miðað við gildandi aðalskipulag.

Landsnet hefur nú þegar óskað eftir breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, sem fólst í smávægilegri tilfærslu á afmörkun jarðstrengs sunnan flugbrautar og var sú skipulagsbreyting staðfest af Skipulagsstofnun 5. mars s.l. Sú breyting byggði á áhættumati ISAVIA vegna legu jarðstrengs í nágrenni aðflugsbúnaðar flugvallarins. Frá þeim tíma hefur verið unnið að frekari útfærslu bæði á forsendum öryggissvæða Akureyrarflugvallar, sem byggir á nýju áhættumati og hins vegar á hentugri legu strengsins með tilliti til framkvæmda við útlögn strengsins undir Eyjafjarðará.


Þá leiddi frekari fornléifarannsókn í nálægð við fyrirhugaða strenglögn til þess að æskilegra þykir að færa legu strengsins lítillega frá staðsetningu hans í aðalskipulagi og komast þar með hjá riski á fornminjum.

Meðfylgjandi gögn sýna hvar fyrirséð er að strenglögnin þurfi að víkja frá afmörkun á aðalskipulagsupphætti. Landsnet óskar eftir því að Akureyrarbær taki afstöðu til hvaða skipulagslegu málsmeðferð framangreindar tvær breytingar á strenglegu þarfnast og komi þeim í farveg.

Lagning jarðstrengsins innan Akureyrarbæjar og tengivirki á Rangárvöllum þarfnast breytinga á deiliskipulagi Rangárvalla, deiliskipulagi hestúshverfis í Breiðholti og deiliskipulagi Akureyrarflugvallar og hefur Landsnet upplýst skipulagsfulltrúa Akureyrarbæjar um þá vinnu.

Landsnet er reiðubúið að leggja fram frekari gögn og upplýsingar sé þess óskað.

Virðingarfyllt



Arni Jón Eliasson